



## HAFNARFJÖRÐUR

Lárus Gunnar Jónsson  
Halldóra Björk Smáradóttir  
Lækjargötu 11  
220 Hafnarfirði

Hafnarfirði, 22. júní 2016  
1606252 GG

Efni: Lækjargata 11, stækkun húss ásamt skúr.

Þann 16.6. 2106 leita Lárus Gunnar Jónsson og Halldóra Björk Smáradóttir eftir álit byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar vegna stækkunar á Lækjargötu 11. Með erindinu fylgir fyrirspurn og skissa er sýnir stækkun við íbúðarhúsið ásamt skúr á lóðinni. Erindið var tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þ.22.6. 2106.

Sk. Fasteignaskrá er Lækjargata 11 reist árið 1907 og er því friðað sk. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 20. gr.

Sk. 2.3.4. gr. Byggingarreglugerðar nr. 360/2016 er ekki heimilt að breyta húsum er njóta friðunar, eru byggð fyrir 1918 eða njóta verndar götumyndar.

Nú er óskað eftir að stækka hið friðaða hús og byggja við það til austurs þar sem nú er skýli milli íbúðar og útihúss. Einnig er óskað eftir að koma fyrir skúr undir hjólageymslu og gróðurhús á lóðarmörkum við lækinn.

*Byggingarfulltrúi getur ekki fallist á þær breytingar sem fyrirspurnartillagan að stækkun hússins sýnir í óbreyttri mynd. Tillaga að stækkun er ekki heppileg lausn með tilliti til aldurs hins friðaða húss. Hjólageymsla og gróðurhús á lóðarmörkum mun hafa áhrif á götumynd og heildaryfirbragð sem nú er á þessum stað við lækinn. Lækjargata 11 er hluti af gamalli húsaröð og sk. fylgiriti Aðalskipulagsins er Lækjargata norður hluti af svæði I. Á þessu svæði eru elstu og merkustu húsin og langflest þeirra byggð fyrir 1918. Að ofangreindu getur byggingarfulltrúi ekki samþykkt nýjan skúr. Jafnframt er nú þegar skúr á lóðinn og tillagan sæmræmist hvorki gildandi deiliskipulagi né byggingarreglugerð. Sk. byggingarreglugerð nr.112/2012 með áorðnum breytingum 360/2016, 2.3 kafli 2.3.5 gr. lið i segir: Eitt lítið hús á lóð.*

Virðingarfyllst,

Gunnþóra Guðmundsdóttir  
arkitekt